



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Félags og menningarmálanefnd 1. fundur

Haldinn 15. nóvember 2010 kl: 17:00

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Kristján Steingrímsson, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir og Bergþóra Kristjánsdóttir. Jón Elvar fjarverandi því honum barst ekki fundarboð þar sem hann hafði ekki komið heim til sín síðan fundarboð var borið út.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Viðhorfskönnun eldri borgara.
3. Drög að erindisbréfi.
4. Jafnréttisáætlun.
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagbjört formaður, leggur til að Anna Dóra verði varaformaður nefndar félags- og menningarmála. Það samþykkt samhljóða.

Bergþóra Kristjánsdóttir tók að sér að skrifa fundargerð. Dagbjört leggur til að fundir nefndarinnar verði einu sinni í mánuði til að byrja með. Það samþykkt. Nánari tímasetning rædd meðal nefndarmanna sem komust að þeirri niðurstöðu að frá og með 1. janúar muni nefndin hittast annan mánudag hvers mánaðar klukkan 17:00. Ef brýn málefni koma upp í millitíðinni verður þó heimilt að kalla nefndina á aukafundi. Ákveðið var að stofna nethóp nefndarmanna til að hafa samskipti utan mánaðarlegra funda um málefni sem koma upp og fleira.

2. Viðhorfskönnun eldri borgara

Dagbjört kynnti könnunina og fór yfir hana. Fjallað um málefni eldri borgara í sveitinni. Dagbjört sagði frá aðstöðu eldri borgara á Kópaskeri, Raufarhöfn og

Grenivík. Nefndarmenn telja að til að geta gert raunhæfar breytingar og /eða úrbótatillögur þurfi þeir að vera betur upplýstir um þá fjármuni sem hafa farið til málaflokksins og hvernig þeim hefur verið ráðstafað.

Nefndarmenn kalla því eftir frekari upplýsingum um kostnað við málaflokkinn. Formaður tekur að sér að koma með þær upplýsingar til næsta fundar ásamt upplýsingum úr skýrslu KPMG sem snúa að málaflokkum nefndarinnar.

Verkefni (ekki vandamál)

Nefndarmenn voru sammála um að heilsársráðning starfsmanns í félagsstarfi eldri Mývetninga myndi skapa meiri samfellu í starfinu .

Mögulegar lausnir

- Nefndin veltir því upp hvort ekki sé hægt að ráða manneskju á heils árs grundvelli en nýta hann í annað á sumrin eða hafa félagsstarf eldri borgara einnig virkt á sumrin.
- Skoða þarf húsnæðismál félagsstarfsins.
- Þeirri hugmynd velt upp að partur af starfi þess sem sinnti félagsmálunum væri að gera handbók um starfið.

3. Erindisbréf

Við vinnu í drögum að erindisbréfi nefndarinnar var stuðst við erindisbréf Félags- og menningarmálanefndar í Þingeyjarsveit. Gerðar nokkrar breytingar og formanni nefndarinnar falið að koma drögum á framfæri við sveitarstjórn.

4. Jafnréttisáætlun

Nefndarmenn sammála um að hefja vinnu við jafnréttisáætlun fyrir sveitafélagið og skiptu með sér verkum í skoðun jafnréttisáætlana í öðrum sveitarfélögum.

- Dagbjört skoðar jafnréttisáætlun Ísafjarðar
- Kristján skoðar jafnréttisáætlun Hafnafjarðar
- Anna Dóra skoðar jafnréttisáætlunir Flóahrepps og Blönduóss
- Jón Elvar skoðar jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar
- Bergþóra skoðar jafnréttisáætlun Reykjavíkur.

Á næsta fundi verða nefndarmenn búnir að kynna sér jafnréttisáætlunir sveitafélaga og hefjast handa við að semja áætlun fyrir Skútustaðahrepp

5. Önnur málefni

Umræður um íþróttamannvirki og nýtingu þeirra.

Stefnt að því að skoða íþróttamiðstöðina á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið
Dagbjört Bjarnadóttir
Anna Dóra Snæbjörnsdóttir
Bergþóra Kristjánsdóttir
Kristján Steingrímsson